

26. febrúar 2018

Mannanöfn og nafngiftir á Íslandi

Samantekt Þegar fjöldi eiginnaafna er skoðaður kemur í ljós að um 80% nafngifta byggjast á rúmlega 200 nöfnum. Jón, Guðmundur og Sigurður eru algengustu karlmannsnöfn á Íslandi og Guðrún og Anna vinsælustu nöfn kvenna óháð fæðingarstað. Um 62% landsmenn bera fleiri en eitt nafn.

Meira en 35% fólks 30 ára og yngra ber sama eiginnafn og afi þeirra eða amma. Hlutfallið er enn hærra í eldri aldurshópum. Í heildina bera 8% af 50 ára eða yngri eiginnafn föður eða móður og er það algengara hjá körlum en konum. Nöfn sem foreldrar völdu nýfæddum börnum sínum eru stundum tengd íþróttum (fótbolta og handbolta) og menningu (tónlist og kvikmyndum).

Í ársbyrjun 2017 voru 82% landsmanna með föður- eða móðurnafn sem kenninafn, 4% voru með ættarnafn og 14% báru önnur kenninöfn, flest þeirra af erlendum uppruna. Í öllum aldurshópum voru langflestir sem kenndu sig til föður en sá hópur sem kenndi sig oftast til móður voru konur á aldrinum 18–35 ára. Um 70% einstaklinga sem áttu föður með ættarnafn báru það sem kenninafn en 30% kenndu sig til föður eða móður. Af fólki sem átti móður með ættarnafn báru 15% ættarnafn móður sem kenninafn, oftast stúlkur en drengir, en 85% kenndu sig til föður eða móður.

Síðasta áratug voru töluvert fleiri fæðingar yfir sumartímann en 50 árum áður þegar fæðingar dreifðust jafnar yfir árið.

Inngangur Í þessu hefti eru vinsældir nafna á Íslandi greindar eftir kyni, aldri og fæðingarstað. Að auki er leitað svara við ýmsum spurningum um nafnahefðir á borð við hversu líklegt er að börn erfi eiginöfn¹ foreldra sinna eða ömmu sinnar og afa, hvort greina megi menningarleg áhrif í nafngiftum og hversu líklegt það er að bera föðurnafn, móðurnafn eða ættarnafn.

Allar niðurstöður eru unnar út frá skráargögnum um nöfn á Íslandi. Frekari upplýsingar um gagnalindir, takmarkanir, þekju og óvissu í niðurstöðum má sjá í viðauka.

¹ Guðrún Kvaran, *Nöfn Íslendinga*, Reykjavík: Forlagið, 2011. Guðrúnu Kvaran er þakkað sérstaklega fyrir gagnlegar viðræður um efni heftisins.

Eiginnöfn

Samkvæmt Manntalinu 1703 voru eiginnöfn karla alls 387 og eiginnöfn kvenna alls 338. Á nær tveim öldum, frá 1703 til 1910, hafði eiginnöfnum fjölgað í 1071 fyrir karla og 1279 fyrir konur, eða nærri þrefaldast. Í upphafi árs 2017 voru í gagnagrunni Mannanafnanefndar¹ 1.912 íslensk nöfn fyrir karla og 2.118 fyrir konur. Á sama tíma var fjöldi einstakra eiginnafna í þjóðskrá 6.188 fyrir karla og 7.322 fyrir konur en þær tölur innihalda nöfn af erlendum uppruna sem flest koma afar sjaldan fyrir í mannfjöldanum í heild sinni.

Algengustu eiginnöfnin

Alexander var algengasta nafn sem gefið var drengjum fæddum árið 2016 en þar á eftir fylgdu nöfnin Aron og Mikael. Emilía, Emma og Elísabet voru þrjú algengustu nöfn gefin stúlkum sem fæddust árið 2016.



Röð vinsælustu nafna í mannfjöldanum hefur haldist nokkurn veginn hin sama síðustu fimm ár. Meðal karla er Jón algengasta fyrsta nafn en þar á eftir koma Sigurður og Guðmundur. Algengustu tvínefni karla eru Jón Þór, Gunnar Þór og Jón Ingi. Meðal kvenna eru Guðrún, Anna og Kristín vinsælustu nöfnin en Anna María, Anna Margrét og Anna Kristín eru algengustu tvínefni.

Algengi eftir aldurshópum



Tíðni eiginnafna hefur breyst í tímans rás. Til dæmis, hét um ein af hverjum fimm konum á Íslandi Guðrún þegar Manntalið 1703 var framkvæmt, en aðeins ein af hverjum 10 samkvæmt niðurstöðum Manntalsins árið 1910. Á sama tíma hafði heildarfjöldi kvenmannsnafna þrefaldast. Næstu 100 árin tvöfaldaðist fjöldi íslenskra kvenmannsnafna en fjöldi kvenna sem ber nafnið Guðrún er nú þriðjungur þess fjölda sem áður bar nafnið. Í heild hefur mannfjöldinn um það bil sjöfaldað frá árinu 1703.

Í stað þess að skoða eingöngu tíðni nafna þá segir röðun þeirra miðað við önnur nöfn áhugaverða sögu. Sé horft til allra landsmanna eru algengustu nöfnin hefðbundin og hafa verið meðal 20 vinsælustu nafna síðustu 100 árin, eins og sjá má á mynd 1a fyrir kvenmannsnöfn og mynd 2a fyrir karlmannsnöfn. Hins vegar sést einnig að færri börn sem fæðst hafa síðustu 10 árin bera nöfn á borð við Guðrún og Kristín eða Sigurður, Gunnar og Ólafur.

¹ Sjá: www.urskurdir.is.

Mynd 1a. Röð algengustu kvenmannsnafna eftir aldurshópi 1. janúar 2017**Mynd 1b. Röð nokkurra algengra kvenmannsnafna eftir aldurshópi 1. janúar 2017**

Önnur nöfn hafa haldið vinsældum sínum og raðast enn hátt, eins og Kristján, Anna, Katrín og Elísabet (sjá myndir 1a, 1b og 2b). Þegar algeng nöfn ungra barna eru skoðuð, nöfn á borð við Emma, Sara og Emilía eða Alexander, Aron, Viktor og Mikael, kemur annað mynstur hins vegar í ljós. Þessi nöfn eru jafnan meðal 500–700 algengustu nafna í elstu aldurshópunum (myndir 1b og 2b).

Mynd 2a. Röð algengustu karlmannsnafna eftir aldurshópi 1. janúar 2017**Mynd 2b. Röð nokkurra algengra karlmannsnafna eftir aldurshópi 1. janúar 2017****Tíðni nafna eftir landsvæðum**


Röðun eiginnaafna er breytileg eftir fæðingarstað. Til dæmis var flestum stúlkum sem fæddust árið 2016 á Vesturlandi gefið nafnið Emilía en Íris á Austurlandi. Birta, Karítas og Sunna voru hins vegar algengustu eiginnöfn sem gefin voru stúlkum á Norðurlandi eystra, Emma á Norðurlandi vestra, Auður á Vestfjörðum, Hanna á Suðurnesjum, Sara á höfuðborgarsvæðinu en Kristín eða Rakel á Suðurlandi. Hjá drengjum var Alexander algengast á höfuðborgarsvæðinu, Austurlandi og á Suðurnesjum, Aron á Vesturlandi og Norðurlandi eystra, Arnar á Suðurlandi, Baltasar og Arnór á Norðurlandi vestra en Haukur, Sigurður eða Tristan á Vestfjörðum. Sé hinsvegar horft til allra landsmanna þá er ekkert samband milli landsvæðis og hvaða nöfn eru algeng. Jón, Guðmundur og Sigurður eru algengustu karlmannsnöfnin á landinu og Guðrún og Anna vinsælustu nöfn kvenna, óháð fæðingarstað.

Flestir deila með sér fáum nöfnum

Flestir Íslendingar (um 80%) deila með sér um 200 kvenmannsnöfnum og 200 karlmannsnöfnum. Þróun heildarfjölda nafna í mannfjöldanum í heild yfir síðustu 100 ár má einnig sjá í dreifingu nafna eftir aldri. Á mynd 3 sést aukinn fjöldi nafna hjá

25–50 ára sem kemur til vegna fjölgunar innflytjenda á því aldersbili. Flest nafnanna eru þó mjög sjaldgæf á Ísland og aðeins örfáir sem bera þau.

Mynd 3. Nöfn í mannfjöldanum eftir aldri og kyni 1. janúar 2017



Algengustu tvínefni

Um 62% mannfjöldans bera fleiri en eitt eigin nafn. Í byrjun ársins 2017 voru algengustu tvínefni karla Jón Þór, Gunnar Þór og Jón Ingi. Algengustu tvínefni kvenna á sama tíma voru Anna María, Anna Margrét og Anna Kristín. María var algengasta annað nafn stúlkna árið 2016 en þar á eftir komu Ósk og Rós. Fyrir drengi voru Þór, Máni eða Hrafn algengasta annað nafn.

Nafnahefðir


Nöfn ömmu og afa

Algengt er að fólk beri sama nafn og amma eða afi. Í heildina báru 35% þeirra sem eru yngri en 30 ára eigin nafn ömmu eða afa. Hlutfallið er enn hærra hjá eldri aldersflokkum.

Við þessa greiningu var samræmi á milli eigin nafna barna og forfeðra þeirra aðeins skoðað fyrir sama kyn, það er milli drengja eða karla og afa þeirra eða milli stúlkna eða kvenna og ömmu þeirra, en samskonar nöfn karla og kvenna (til dæmis Jakob og Jakobína) ekki pörud.


Fleiri karlar bera sama nafn og afar þeirra, miðað við konur sem bera nafn ömmu sinnar og vex hlutfallið með aldri, eins og sjá má af leitninni í mynd 4. Segja má að meira en helmingur þeirra sem eru eldri en 65 ára hafi verið gefið nafn ömmu sinnar eða afa (sjá skýringar í viðauka hér á eftir).

Mynd 4. Fólk með sama nafn (fyrsta eða annað) og afi eða amma eftir aldri og kyni 1. janúar 2017



Nöfn foreldra Í heildina bera 8% þeirra sem er 50 ára eða yngri eiginnafn föður eða móður, og er það algengara hjá körlum en konum. Hlutfallið er nokkuð svipað fyrir mismunandi aldersflokka, eins og sjá má á mynd 5, þar sem hlutfall karla er jafnan milli 10% og 14% en hlutfall kvenna milli 3% og 7%.

Mynd 5. Fólk með sama nafn (fyrsta eða annað) og móðir eða faðir eftir aldri og kyni 1. janúar 2017



Tengsl við aðra þætti Hægt er að mæla tengsl, þó ekki orsakatengsl, milli eiginnafna og menningarlegra eða félagslegra þátta með því að nota *google trends*¹ til að skoða gagnagnótt leitarfyrirspurna í gegnum leitarvélinu *google* síðustu 10 árin.

Niðurstöðurnar sýna að algengustu leitarfyrirspurnir á Íslandi sem hafa fylgni við algengustu nöfn drengja og stúlkna, tengjast nöfnum íþróttafólks (konur og karlar í fótbolta og handbolta), kvikmyndum og tónlist. Til dæmis er hæsta fylgni við

¹ <https://trends.google.com/trends/>


leitarfyrirspurnina Aron fyrirspurnir um nöfn íslenskra fótboltamanna og handboltamanna en leitarfyrirspurnin Emilía er mest tengd fyrirspurnum um nöfn úr kvikmyndaiðnaðinum. Leitarfyrirspurnir um nöfn sem nýlega urðu vinsæl hafa aukist upp á síðkastið en eru þó mun færri en leitarfyrirspurnir um hefðbundin nöfn. Fyrirspurnir sem tengjast leitarfyrirspurnum um nýlega vinsæl nöfn ná yfir mun þrengra efni en fyrirspurnir sem tengjast leitarfyrirspurnum um hefðbundin nöfn sem ná yfir ýmis konar efni.

Kenninöfn: föður- eða móðurnöfn

Í byrjun árs 2017 báru um 82% mannfjöldans hefðbundin seinni nöfn, það er kenninöfn föður eða móður (-son, -dóttir), um 4% báru íslensk ættarnöfn og um 14% báru annars konar seinni nöfn, oftast nöfn af erlendum uppruna.


Föðurnöfn Af hefðbundnum kenninöfnum voru 98% föðurnöfn, annað hvort fyrsta eða annað nafn föður. Þetta hlutfall hækkaði með aldri (sjá mynd 6), nema fyrir konur á aldrinum 18–36 ára, þar sem hlutfallið fór lækkandi með aldri.

Mynd 6. Kenninafn föður sem hlutfall af hefðbundnum kenninöfnum eftir aldri og kyni 1. janúar 2017



Móðurnöfn Notkun móðurnafns sem kenninafn hefur aukist upp á síðkastið, sérstaklega hjá konum á aldrinum 18–35 ára, eins og sjá má á mynd 7. Notkun móðurnafns er þó mun sjaldgæfari en notkun föðurnafns. Til dæmis er minna en hálft prósent einstaklinga sem eru eldri en 65 ára sem nota móðurnafn sem kenninafn.

Mynd 7. Kenninafn móður sem hlutfall af hefðbundnum kenninöfnum eftir aldri og kyni 1. janúar 2017



Ættarnöfn


Árnastofnun heldur utan um skráð ættarnöfn á Íslandi og byggir á ýmsum heimildum, þar á meðal *Ættarnafnabók 1915–1925*.¹

Samkvæmt skráningu Árnastofnunar er fjöldi ættarnafna alls 640 en af þeim voru nærri 400 nöfn sem landsmenn báru í upphafi árs 2017. Heildarfjöldi einstaklinga með ættarnöfn var um 12 þúsund eða um 4% landsmanna. Algengustu ættarnöfnin voru Blöndal (324), Thorarensen (293) og Hansen (282).

Íslensk ættarnöfn eftir aldri

Líkurnar á að bera ættarnafn hafa minnkað með tímanum. Færri einstaklingar 40 ára og yngri bera ættarnafn en þeir sem eldri eru og er það óháð kyni (sjá mynd 8).

Mynd 8. Fólk með ættarnöfn eftir aldri og kyni 1. janúar 2017




¹ Svavar Sigmundsson, „Ættarnöfn á Íslandi“, Vefur Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, vefslóð: www.arnastofnun.is/page/aettarnofn_a_islandi.

Hvort fólk ber ættarnafn veltur á kyni þess foreldris sem ber ættarnafnið en ekki kyni barnsins. Af þeim sem eiga foreldri með ættarnafn á 51% móður með ættarnafn, 45% föður með ættarnafn og 4% bæði foreldrin. Um 57% einstaklinga sem eiga foreldri með ættarnafn bera hefðbundin kenninöfn en 35% bera föðurættarnafn og 8% móðurættarnafn.

Algengara að bera ættarnafn föður heldur en hefðbundið kenninafn

Óháð kyni báru um 70% einstaklinga ættarnafn föður sem kenninafn en 30% báru hefðbundið kenninafn og kenndu sig við föður eða móður. Eina undantekningin frá þessu var fólk á aldrinum 25–35 ára sem átti föður með ættarnafn þar sem hlutfall kenni- og ættarnafna var nokkuð jafnt.


Mynd 9. Fólk með ættarnafn föður eða hefðbundið kenninafn eftir aldri og kyni 1. janúar 2017



Ættarnafn móður sjaldnar notað sem kenninafn en hefðbundið kenninafn


Um 15% einstaklinga sem áttu móður með ættarnafn báru það sem kenninafn (oftar stúlkur en drengir) en 85% báru hefðbundið kenninafn. Þetta hlutfall hefur lítillega breyst fyrir yngstu aldurshópana í mannfjöldanum, sjá mynd 10.

Mynd 10. Fólk með ættarnafn móður eða hefðbundið kenninafn eftir aldri og kyni 1. janúar 2017



- Pegar báðir foreldrar bera ættarnafn* Af þeim börnum sem áttu foreldra með sitt hvort ættarnafnið báru um 23% hefðbundið kenninafn föður- eða móður, 68% báru ættarnafn föður og 9% ættarnafn móður. Um 95% barna báru sameiginlegt ættarnafn foreldra og 5% barna báru hefðbundið kenninafn og kenndu sig við föður eða móður.
- Ættarnafn sem millinafn* Önnur leið til að varðveita íslensk ættarnöfn er að nota það sem millinafn. Um 1% landsmanna báru millinafn sem er á skrá yfir ættarnöfn auk þess að hafa föður- eða móðurnafn sem kenninafn.
- Dreifing fæðingardaga* Fæðingardagar dreifast ekki jafnt yfir árið á Íslandi þar sem færri eru fæddir á veturna frá október til mars en aðra mánuði ársins. Í upphafi árs 2017 mátti ætla að flestir myndu halda upp á afmælið sitt 27. ágúst (1.054) og fæstir á jóladag (689) fyrir utan 29. febrúar sem er fæðingardagur 216 einstaklinga. Dreifing fæðingardaga innan árs sýnir marktæka breytingu yfir tíma. Séu öll gögn árána 1956–1965 lögð til grundvallar sýna niðurstöður lítinn mun á líkindum þess að fæðast í tilteknum mánuði, að undanteknum nóvember og febrúar. Sambærileg gögn 50 árum seinna sýna töluvert meiri líkur á að fæðingardagur falli á sumarmánuð.

Mynd 11. Dreifing fæðingardaga eftir mánuði 1956–1965 og 2007–2016



Viðauki: Gögn, þekja, villur og takmarkanir

Fyrir nokkrum árum hóf Þjóðskrá Íslands að staðfesta og uppfæra full nöfn íbúa og hefur það verið gert fyrir næstum 87% einstaklinga.

Upplýsingar um foreldra eru ófullnægjandi fyrir fólk 50 ára eða eldra, og þarf af leiðandi eru upplýsingar um nöfn móður- og föðurforeldra ófullnægjandi fyrir fólk 30 ára og eldra. Þar að auki hefur Hagstofa Íslands ekki upplýsingar um foreldra einstaklinga af erlendum uppruna sem voru 18 ára eða eldri þegar þeir komu til landsins.

Hinn 1. janúar 2017 voru til upplýsingar um nöfn foreldra í þjóðskrá hjá 209.690 íbúum sem höfðu lögheimili á Íslandi eða 83,7% einstaklinga 50 ára og yngri.

Alls voru til upplýsingar um nöfn móður- og föðurforeldra fyrir 68.943 einstaklinga eða 60% einstaklinga 30 ára og yngri með íslenskan bakgrunn. Til eru upplýsingar fyrir um 47% af heildar fólksfjölda 30 ára og yngri (án tillits til bakgrunns).

Breidd 95% öryggisbila fyrir áætluð hlutföll er frá 0,3% fyrir tíðnitölur sem nota allan mannfjöldann til útreiknings, allt að 1–5% fyrir tíðni eftir kyni og aldri. Dreifing ættarnafna eftir kyni og aldri höfðu stærra öryggisbil en dreifing föðurnafna minni. Hlutföll einstaklinga sem bera sama eiginnafn og afi/faðir eða amma/móðir eftir kyni og aldri hafa 1–2% öryggisbil.

Þrátt fyrir gæði gagna um kenninöfn má ætla að aðferð við flokkun þeirra, svo sem föður- og móðurnöfn, ættarnöfn eða nöfn af erlendum uppruna geti haft í för með sér villur.

Sem dæmi má nefna að í gögnunum er mengi 10.456 einstaklinga (mengi A) með 41 mismunandi eftirnafn (mengi m) sem endar á -son. Þessi nöfn gætu verið ættarnöfn eða föðurnöfn en upplýsingar um foreldra eru ekki nægilegar til að greina þar á milli. Til að greina hvort um var að ræða ættarnöfn eða föðurnöfn var lagt mat á líkur þess að nafn í m væri ættarnafn eða föðurnafn fyrir sérhvert nafn í m . Þetta var gert með því að nota „calibration set“ sem er það hlutmengi í mannfjöldanum þar sem nöfn foreldra eru þekkt og kenninöfn í M . Líkur þess að eftirnafn einstaklinga í A væri ættarnafn reyndust vera $1,7 \pm 0,2\%$. Einstaklingum í A var því skipt í tvo hópa (stærð um það bil 10.500 og 180) sem var bætt við þá einstaklinga sem hafa ótvírætt ákvarðað ættar- eða föðurnafn (af stærð 11.815 og 268.153).

Föður- og móðurnöfn voru flokkið með algrími fyrir „pattern matching“ sem hefur um 0,4% villuhlutfall. Aðeins síðasta nafn einstaklings kom til greina þegar kenninöfn voru flokkið. Kenninöfn einstaklinga sem bera bæði föður- og móðurnöfn voru ekki greind hvort fyrir sig.

Greiningin takmarkast af skorti á gögnum um pörum karl- og kvennafna. Það hefur í för með sér að hlutfall einstaklinga sem bera sama eiginnafn og afi/amma eða faðir/móðir er vanmetið.

Mörg nöfn sem rituð eru á tvo eða fleiri vegu í íslensku eru flokkuð sem eitt nafn samkvæmt *Mannanafnanefnd*. Þessu var breytt fyrir nokkrum árum og þar til nýjar upplýsingar liggja fyrir eru nöfn með ólíkum skrifhætti greind sem sérstök nöfn.

Tafla 1. Algengustu ættarnöfn á Íslandi 1. janúar 2017

Ættarnafn	Fjöldi
Blöndal	324
Thorarensen	293
Hansen	282
Olsen	224
Andersen	206
Thoroddsen	206
Möller	198
Nielsen	180
Waage	171
Bergmann	158
Briem	156
Thorlacius	155
Jensen	146
Hjaltalín	137
Scheving	135
Petersen	126
Kvaran	123
Fjeldsted	123
Norðdahl	113
Berndsen	105

Hagtíðindi
Statistical Series

103. árg. • 3. tbl.
ISSN 1670-4770

Mannfjöldi
Population

26. febrúar 2018

Umsjón *Supervision* Violeta Calian • violeta.calian@hagstofa.is

Anton Örn Karlsson • anton.karlsson@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 105 Reykjavík Iceland

www.hagstofa.is www.statice.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.